

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 5529899, 5630325, 5630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

14. fundur stjórnar LH haldinn á Egilsstöðum 23. október 1997.

Formaður setti fund kl. 22:00 og bauð fólk velkomið.

Þessir voru mættir:

Birgir Sigurjónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigríður Sighórsdóttir, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Sigurður Þórhallsson.

Gestir fundarins voru:

Sigfús Þorsteinsson formaður Freyfaxa, Sveinbjörn Eyjólfsson þingforseti og Gunnar Jónsson þingforseti.

1. Mál.

Rætt var um dagskrá 48. ársþings LH sem hefst kl. 10:00 á morgun 24. okt. Farið var yfir dagskrá þingsins lið fyrir lið.

Tillögur sem liggja fyrir þinginu voru skoðaðar með tilliti til þess hvaða þingnefndir fjalli um þær, hverja um sig þegar nefndir hefja störf síðdegis á morgun. Nítján tillögur voru sendar út til þingfulltrúa fyrir tveimur vikum lögum samkvæmt. Ný tillaga frá stjórn LH kom fram á fundinum nú sem ekki var send út með öðrum gögnum. Tillagan fjallar um að stofna landsmótasjóð til fjármögnunar undirbúnings landsmóta. Tillöggunni var breytt lítillega og þannig verður hún lögð fyrir þingið.

2. Mál.

Sigurður skýrði frá því að Stefán Pálsson hefði haft samband við skrifstofuna og beðið fyrir góðar kveðjur til þingsins með árnaðaróskum til Landssambands hestamannaflaga. Fleiri gullmerkishafar höfðu samband við skrifstofuna með óskir um gæfu og gengi LH til handa.

3. Mál.

Formaður gerði grein fyrir tillögu þeirri sem rædd var á símafundinum í gær. Nafnalistinn sem ræddur var þá var enn til skoðunar.

Meirihluti stjórnar LH gerði athugasemdir við listann eins og gert var á símafundinum daginn áður. Listann höfðu formaður LH og formaður HÍS sett saman eins og áður hefur komið fram. Ákveðið var að gera

fundarhlé til þess að meirihluti stjórnarinnar gæti rætt saman um tillögu að breyttum lista. Niðurstaða fékkst að lokum sem var á þann veg að stjórnir LH og HÍS urðu sammála um, tillögu að starfsstjórn LH til eins árs ef af sameiningu samtakanna verður á seinni degi þinghaldsins þ.e. 25. okt.

Stefnt er að því að tilkynna niðurstöðu um skipan starfsstjórnarinnar í lok þinghaldsins.

Eftirtaldir aðilar skipa stjórnina:

Aðalmenn:

Birgir Sigurjónsson, Jón Albert Sigurbjörnsson, Sigurgeir Bárðarson, Sigríður Sigþórsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Bergur Jónsson, Halldór Gunnarsson.

Varamenn:

Siguður Ragnarsson, Sigfús Ó Helgason, Oddný Jónsdóttir, Sigurður Marínusson, Haraldur Þórarinsson.

Viðauki við fund stjórnar LH sem hófst 23. okt.

Að loknu 48. ársþingi LH í dag 25. okt. er sameining LH og HÍS orðin að veruleika.

Ný stjórn tekur nú til starfa samkvæmt því samkomulagi sem stjórnir LH og HÍS gerðu með sér. Stjórnin er starfsstjórn til eins árs og skipuð númerandi stjórnarmönnum 4 frá LH og 3 frá HÍS (sjá hér að framan).

Varastjórn er skipuð 5 manns, 2 frá LH og 3 frá HÍS.

Á þessum tímamótum hætta í stjórn:

-Guðbrandur Kjartansson Fáki sem verið hefur varaformaður LH undanfarin ár.

-Jón Bergsson Freyfaxa

-Sigbjörn Björnsson Faxa.

Við sem áfram störfum í stjórn LH (Birgir, Sigríður, Sigurgeir og Halldór) þökkum þeim þremenningum afar góð kynni og farsælt samstarf í stjórn LH á liðnum árum og kveðjum þá með óskum um gæfu og gengi þeim til handa.

Þeir Guðbrandur, Jón og Sigbjörn tóku allir til máls og þökkuðu sömuleiðis góð kynni og áncægjulegt samstarf í stjórn LH á liðnum árum með góðum óskum til LH.

Þetta var síðasti fundur stjórnar LH sem stýrt hefur samökunum að afloknu 47. ársþingi LH sem haldið var í Keflavík 25. og 26. okt. 1996.

Fundarritari:

Halldór Gunnarsson.